



Bandalag íslenskra listamanna
Federation of Icelandic artists

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis, Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 14. maí 2012

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um heiðurslaun listamanna 719. mál

Stjórn BÍL hefur fjallað um málið og komið sér saman um svohljóðandi umsögn:

Það er sannarlega tímabært að marka heiðurslaunum til listamanna ramma í lögum. Slík ráðstöfun er til þess fallin að skýra markmiðið með laununum og gera ferlið við val listamanna faglegra/málefnanlegra.

Í aðdraganda málsins var forseta BÍL boðið að koma til fundar við starfshóp allsherjar- og menntamálanefndar þar sem sjónarmið BÍL varðandi málið voru skýrð og lögð fram ályktun ársfundar BÍL 2011 um Akadémíu og heiðurslaun listamanna (sjá fylgiskjal). Sjónarmið BÍL varðandi frumvarpið mótast af þeirri ályktun.

Á þeim fundi voru lögð fram drög að frumvarpi, sem gerði ráð fyrir að fjöldi listamanna á heiðurslaunalista Alþingis gæti verið allt að 40. Það olli því vonbrigðum að sjá frumvarpið í endanlegum búningi þar sem fjöldi listamanna skv. fyrstu grein var kominn niður í 25. Það er umhugsunarefni þegar litið til þess að á fjárlagaárinu 2012 eru 28 listamenn á heiðurslaunalista þingsins. Í því sambandi mætti benda á að ef fjöldi heiðurslistamanna væri í réttu hlutfalli við stærð þjóðarinnar, t.d. 0.01%, þá hefðu 32 listamenn þann sess í dag. Meginsjónarmið BÍL varðandi fjölda listamanna á heiðurslaunum er að hann taki mið af þörfinni, sem liggur fyrir að kanna þurfi með skipulegum hætti.

Grunnhugmynd BÍL varðandi fyrirkomulag heiðurslauna til listamanna tekur mið af því að sá hópur, sem nýtur launanna hverju sinni, er auðlind í sjálfu sér. Þar er um að ræða besta listafólk þjóðarinnar og þó það sé (eðli málsins samkvæmt) komið af léttasta skeiði þegar það fær sess á heiðurslaunalista, þá er reynsla þess og þekking mikils virði fyrir samfélagið. BÍL hefur því mótað tillögu um að handhafar heiðurslauna myndi Akadémíu, sem verði nokkurs konar útvörður menningarinnar. Akadémían komi saman mánaðarlega og ræði saman um listina, menninguna og þjóðina. Hún hafi frumkvæði að fyrirlestrum, efni til málþinga og hugsanlega veiti viðurkenningar og verðlaun.

Til að þessi hugmynd gangi upp þarf að breyta fyrirkomulaginu sem hefur verið við lýði varðandi val á listamönnum á heiðurslaunalistann. Nú þegar skipar úrvalshópur listamanna sess á þeim lista í viðurkenningarskyni fyrir listrænan feril sinn. Slíkur hópur væri þrýðilega til þess fallinn að mynda uppistöðu íslenskrar akademíu. Einn er þó hængur á og hann er sá að samkvæmt núverandi fyrirkomulagi eru þeir sem þiggja heiðurslaun valdir af Alþingi, án þess að valinu til grundvallar liggji nokkurt hlutlægt mat. Þetta er óviðunandi og í mótsögn við kröfu tímans um gagnsæi við töku ákvarðana og fagleg viðhorf við úthlutun opiðra fjármuna.

Það mætti halda að nokkrum áfanga sé náð með 3. grein fyrirbyggjandi frumvarps hvað þetta varðar, þar sem gert er ráð fyrir að þriggja manna nefnd verði skipuð til að gefa umsögn „um þá listamenn sem til greina koma“. Gallinn við þessa hugmynd er augljós þegar betur er að gáð; því hvergi er þess getið hverjir eiga að ákvarða hvaða listamenn það eru „sem til greina koma“. Ef hugmyndin er sú að það séu nefndarmenn allsherjar- og menntamálanefndar, þá er það að mati BÍL óásættanlegt og festir í sessi það fyrirkomulag sem gagnýnt hefur verið. Nær væri að fela Akademiunni sjálfri að gera tillögur nýja listamenn inn í Akademiuna.

Í 4. grein frumvarpsins er kveðið á um að heiðurslaun taki mið af starfslaunum listamanna hverju sinni. Þetta telur BÍL mjög mikilvæga breytingu og hvetur til þess að hún verði samþykkt, hver sem afdrif frumvarpsins verða að öðru leyti.

Niðurstaða:

BÍL styður það að heiðurslaunum verði settur rammi í lögum.

BÍL leggur til að fjöldi þeirra sem eiga möguleika á heiðurslaunum sé í samræmi við skilgreinda þörf. BÍL leggur til að úthlutunin verði á hendi faglegra skipaðrar nefndar, sem starfi skv. starfsreglum, en einnig að skoðaður verði sá möguleiki að Akademián sjálf geri tillögur um nýja heiðurslaunabega. BÍL leggur til að skoðað verði hvort ekki sé skynsamlegt að mæla fyrir um breiðan faglegan vettvang, sem nefndin leiti til um tilnefningar til að vinna með. Slíkt er a.m.k. nauðsynlegt ef nefndina skipa einungis þrír fulltrúar.

Virðingarfyllst,

f.h. BÍL – Bandalags íslenskra listamanna

Kolbrún Halldórsdóttir, forseti

FYLGISKJAL:

Ályktun aðalfundar BÍL 2011 um Akademíu og heiðurslaun listamanna:

Inngangur:

Á aðalfundi BÍL 2010 var reifuð tillaga um að komið yrði á fót íslenskri akademíu sem hefði þann tilgang að nýta reynslu og færni eldri listamanna með skipulögðum hætti. Til að útfæra þessa hugmynd frekar skipaði stjórn BÍL nefnd sem í áttu sæti Ásta Ólafsdóttir frá Sambandi íslenskra myndlistarmanna, Hallveig Rúnarsdóttir frá Félagi íslenskra tónlistarmanna, Pétur Gunnarsson frá Rithöfundasambandi Íslands, Ragnar Bragason frá Félagi íslenskra kvikmyndagerðarmanna og Randver Þorláksson frá Félagi íslenskra leikara. Nefndin hittist í fjórgang og komst að eftirfarandi niðurstöðu.

Akademíur skipaðar listamönnum eru starfandi í öllum menningarlöndum, sumar hafa starfað um árhundruð, aðrar komu til sögunnar á síðastliðinni öld. Rökin fyrir tilvist þeirra eru fjölbreytileg, en þau sem okkur eru efst í huga lúta að því að nýta og virkja þá reynslu sem eldri listamenn búa yfir. Samankomnir yrðu meðlimir akademíunnar einskonar vökumenn íslenskrar menningar, þeir myndu ráðslaga um stöðu mála hverju sinni, hafa frumkvæði að fyrirlestrum, efna til málþinga og hugsanlega veita viðurkenningar og verðlaun.

Ástæðulaust er að hræðast orðið “akademía”, upprunaleg merking orðsins er einfaldlega “garðurinn hans Akademos” - þar sem heimspekingurinn Platon og félagar voru vanir að hittast. Hægt væri að hugsa sér að íslenska akademían kæmi mánaðarlega saman í hinu vannýttta Þjóðmenningarhúsi, þannig að kostnaður við húsnæði væri hverfandi. Að sjálfstöðu yrði að gera ráð fyrir einhverjum útgjöldum vegna utanumhalds við að skipuleggja fundi og ráðstefnur.

En hverjir myndu skipa þessa Akademíu og hverjir ættu að skipa í hana? Nú þegar er til úrvalshópur listamanna sem hafa hlotið heiðurslaun íslenska ríkisins í viðurkenningarskygni fyrir listrænan feril sinn. Slíkur hópur væri prýðilega til þess fallinn að mynda uppistöðu íslenskrar akademíu. Einn er þó hængur á og hann er sá að samkvæmt núverandi fyrirkomulagi eru þeir sem þiggja heiðurslaun valdir af Alþingi Íslendinga, án þess að valinu til grundvallar liggja nokkurt hlutlægt mat. Þetta er óviðunandi og í mótsögn við kröfu tímans um gagnsæi við töku ákvarðana. Við teljum því nauðsynlegt að áður en til stofnunar akademíu geti komið þurfi að koma á nýrri skipan við úthlutun heiðurslauna.

Ályktunin er svohljóðandi:

Aðalfundur BÍL telur ekki vansalaust hvernig komið er fyrir heiðurslaunum íslenskra listamanna. Um þau virðast hvorki gilda lög né reglur að því er varðar fjölda eða fyrirkomulag og sjálf úthlutunin með öllu tilviljanakennd og eftir geðþótta þingmanna hverju sinni. Bandalag íslenskra listamanna telur brýnt að þeim verði komið á fastari fót, fjöldi þeirra sé í samræmi við þörfina, úthlutunin á hendi faglegra skipaðrar nefndar og sjálf upphæðin á móta hlutfall af starfslaunum listamanna og almennt gildir um eftirlaun.

Rökstuðningur:

Um störf samfélagsins gildir almennt að þau eru mæld og metin til fjár og þeim sem þau inna af höndum er umbunað í samræmi við framlagða vinnu. Þetta á þó ekki við um störf listamanna, nema að takmörkuðu leyti, launin sem þeir uppskera eru sjaldnast í samræmi við framlagið og iðulega undir hælinn lagt hvort eða hvenær þau greiðast. Hinar óreglulegu tekjur listamanna gera síðan að verkum að greiðslur þeirra í lífeyrissjóði eru stopular sem aftur bitnar enn frekar á kjörum þeirra að endaðri starfsævi.

Samfélag sem nærast af listum hlýtur að búa svo um hnúta að listamenn sem komnir eru á efri ár njóti verðskuldaðrar umbunar. Um nokkra hríð hafa svokölluð heiðurslaun listamanna verið við lýði og val á þeim sem þau hljóta verið í höndum Alþingis. Það gefur augaleið að slíkt er tæplega til þess fallið að skapa sátt eða tryggja gagnsæi enda varla hægt að ætlast til þess að þingmenn hafi yfirsýn yfir listir og listamenn á hverri tíð. Bandalag íslenskra listamanna telur brýnt að fyrirkomulagi heiðurslauna sé fundinn annar og markvissari farvegur, fjöldi þeirra sé í hlutfalli við fjölda þeirra sem fást við listir, upphæðin í samræmi við eftirlaun almennt og að sjálfu valinu komi fagfólk af sviðum fræða og lista.

Alþingi
Erindi nr. P 140/2552
komudagur 18.5.2012



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um heiðurslaun listamanna.

Stjórn Myndstefs hefur bortist til umsagnar frumvarp til laga um heiðursverðlaun listamanna.

Myndstef telur ekki ástæðu til að gera sérstakar athugasemdir við þetta nýja frumvarp en telur að frumvarpið feli í sér greinargóða lýsingu á verkreglum og umgjörð við veitingu heiðurslauna og fagnar mjög þeim viðhorfum er birtast í greinargerð.

f.h. Myndstefs

Harpa Fönn Sigurjónsdóttir

lögfræðingur



Gunnarshúsi 17. maí 2012

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Frá Stjórn Rithöfundasambands Íslands (RSÍ)

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um heiðurslaun listamanna 719. mál

Stjórn Rithöfundasambandsins fagnar því að frumvarpið skuli hafa verið lagt fram en er með nokkrar umþenkingar.

Það er löngu tímabært að marka heiðurslaunum listamanna ramma með lagasetningu. Á þann hátt ætti að vera hægt að tryggja faglegt val listamanna og skýra betur markmiðið með heiðurslaununum.

Í 1. grein hins nýja frumvarps er gert ráð fyrir að Alþingi veiti allt að 25 listamönnum heiðurslaun á fjárlögum. Á fjárlagaárinu 2012 eru 28 listamenn á heiðurslaunalista Alþingis. Þykir þetta skjóta nokkuð skökku við. Hér er verið að draga saman en ekki bæta úr þeirri brýnu þörf sem löngu er til staðar. Hið loðna orðaval **allt að** getur þýtt verulega skerðingu heiðurslaunabega. Það er með öllu óásættanlegt. Vara ber sérstaklega við því að festa fjölda heiðurslistamanna í lög eðlilegra væri að taka mið af þörfinni hverju sinni.

Hugmynd listamanna hefur verið sú að koma á fót Akademíu listanna. Og þeir hafa síendurtekið talað fyrir henni. Slík fyrirbæri eru þekkt í nágrannalöndunum og víðar í Evrópu. Í Akademíunni sætu listamenn úr ýmsum geirum, sem hefðu skilað mikilvægu starfi hver á sínu sviði. Hingað til hafa þessir menn og konur verið látin daga uppi hver í sínu horni í stað þess að nýta þá miklu auðlind sem þau búa yfir. Akademían kæmi saman með reglulegu millibili og ræddi um hvað eina sem til menningar horfir. Hún efndi til málþinga og fyrirlestra og kæmi hugsanlega að veitingu verðlauna og viðurkenninga. Hún yrði traustur bakhjarl menningarstarfs, virðuleg en víðsýn. (Sjá fylgiskjal). Stjórn Rithöfundasambandsins leggur mikla áherslu á að af stofnun slíkrar Akademíu verði.

Nú þegar þiggja 28 manns heiðurslaun listamanna. Þetta mæta fólk hefur hlotið launin í viðurkenningarskygni fyrir störf sín. Þarna mætti hugsa sér að kominn væri hópur sem væri möguleg uppistaða hinnar íslensku Akademíu. Þess ber þó að gæta að hópurinn er valinn inn án þess að fyrir liggi hlutlægt mat. Þetta er ekki í takt við þá tíma sem við lifum í dag. Ákvarðanatökan þarf að vera fagleg og uppi á borðinu ekki síst þar sem verið er að úthluta opinberum fjármunum. Þó má hafa í huga að þegar tímar líða fram yrðu meðlimir Akademíunnar eingöngu skipaðir samkvæmt hinu nýja fyrirkomulagi – eðli málsins samkvæmt.

Í 3. grein fyrirleggjandi frumvarps er kveðið á um að skipuð verði þriggja manna nefnd sem gefi umsögn **um þá listamenn sem til greina koma**. Þetta er óneitanlega breyting til batnaðar frá því sem verið hefur. En hver er það sem tekur af skarið þegar upp er staðið? Ber þetta of mikinn keim af því sem verið hefur til þessa? Hér ætti að ganga enn lengra og leggja málin í hendur Akademiunnar sjálfrar sem gerði tillögu um nýja meðlimi.

Í 4. grein frumvarpsins kveður á um upphæð launanna og viðmiðið sem taka skal. Það er til mikillar fyrirmyndar og Rithöfundasambandið fagnar því.

F.h. Stjórnar Rithöfundasambands Íslands

Kristín Steinsdóttir
formaður

FYLGISKJAL:

Ályktun aðalfundar BÍL 2011 um Akademíu og heiðurslaun listamanna:

Inngangur:

Á aðalfundi BÍL 2010 var reifuð tillaga um að komið yrði á fót íslenskri akademíu sem hefði þann tilgang að nýta reynslu og færni eldri listamanna með skipulögðum hætti. Til að útfæra þessa hugmynd frekar skipaði stjórn BÍL nefnd sem í áttu sæti Ásta Ólafsdóttir frá Sambandi íslenskra myndlistarmanna, Hallveig Rúnarsdóttir frá Félagi íslenskra tónlistarmanna, Pétur Gunnarsson frá Rithöfundasambandi Íslands, Ragnar Bragason frá Félagi íslenskra kvikmyndagerðarmanna og Randver Þorláksson frá Félagi íslenskra leikara. Nefndin hittist í fjórgang og komst að eftirfarandi niðurstöðu.

Akademíur skipaðar listamönnum eru starfandi í öllum menningarlöndum, sumar hafa starfað um árhundruð, aðrar komu til sögunnar á síðastliðinni öld. Rökin fyrir tilvist þeirra eru fjölbreytileg, en þau sem okkur eru efst í huga lúta að því að nýta og virkja þá reynslu sem eldri listamenn búa yfir. Samankomnir yrðu meðlimir akademíunnar einskonar vökumenn íslenskrar menningar, þeir myndu ráðslaga um stöðu mála hverju sinni, hafa frumkvæði að fyrirlestrum, efna til málþinga og hugsanlega veita viðurkenningar og verðlaun.

Ástæðulaust er að hræðast orðið “akademía”, upprunaleg merking orðsins er einfaldlega “garðurinn hans Akademos” - þar sem heimspekingurinn Platon og félagar voru vanir að hittast. Hægt væri að hugsa sér að íslenska akademían kæmi mánaðarlega saman í hinu vannýttu Þjóðmenningarhúsi, þannig að kostnaður við húsnæði væri hverfandi. Að sjálfsögðu yrði að gera ráð fyrir einhverjum útgjöldum vegna utanumhalds við að skipuleggja fundi og ráðstefnur. En hverjir myndu skipa þessa Akademíu og hverjir ættu að skipa í hana? Nú þegar er til úrvalshópur listamanna sem hafa hlotið heiðurslaun íslenska ríkisins í viðurkenningarskygni fyrir listrænan feril sinn. Slíkur hópur væri prýðilega til þess fallinn að mynda uppistöðu íslenskrar akademíu. Einn er þó hængur á og hann er sá að samkvæmt núverandi fyrirkomulagi eru þeir sem þiggja heiðurslaun valdir af Alþingi Íslendinga, án þess að valinu til grundvallar liggja nokkurt hlutlægt mat. Þetta er óviðunandi og í mótsögn við kröfu tímans um gagnsæi við töku ákvarðana. Við teljum því nauðsynlegt að áður en til stofnunar akademíu geti komið þurfi að koma á nýrri skipan við úthlutun heiðurslauna.

Ályktunin er svohljóðandi:

Aðalfundur BÍL telur ekki vansalaust hvernig komið er fyrir heiðurslaunum íslenskra listamanna. Um þau virðast hvorki gilda lög né reglur að því er varðar fjölda eða fyrirkomulag og sjálf úthlutunin með öllu tilviljanakennd og eftir geðþótta þingmanna hverju sinni. Bandalag íslenskra listamanna telur brýnt að þeim verði komið á fastari fót, fjöldi þeirra sé í samræmi við þörfina, úthlutunin á hendi faglegra skipaðrar nefndar og sjálf upphæðin ámóta hlutfall af starfslaunum listamanna og almennt gildir um eftirlaun.

Rökstuðningur:

Um störf samfélagsins gildir almennt að þau eru mæld og metin til fjár og þeim sem þau inna af höndum er umbunað í samræmi við framlagða vinnu. Þetta á þó ekki við um störf listamanna, nema að takmörkuðu leyti, launin sem þeir uppskera eru sjaldnast í samræmi við framlagið og iðulega undir hælinn lagt hvort eða hvenær þau greiðast. Hinar óreglulegu tekjur listamanna gera síðan að verkum að greiðslur þeirra í lífeyrissjóði eru stopular sem aftur bitnar enn frekar á kjörum þeirra að endaþri starfsævi.

Samfélag sem nærast af listum hlýtur að búa svo um hnúta að listamenn sem komnir eru á efri ár njóti verðskuldaðrar umbunar. Um nokkra hríð hafa svokölluð heiðurslaun listamanna verið við lýði og val á þeim sem þau hljóta verið í höndum Alþingis. Það gefur augaleið að slíkt er tæplega til þess fallið að skapa sátt eða tryggja gagnsæi enda varla hægt að ætlast til þess að þingmenn hafi yfirsýn yfir listir og listamenn á hverri tíð. Bandalag íslenskra listamanna telur brýnt að fyrirkomulagi heiðurslauna sé fundinn annar og markvissari farvegur, fjöldi þeirra sé í hlutfalli við fjölda þeirra sem fást við listir, upphæðin í samræmi við eftirlaun almennt og að sjálfu valinu komi fagfólk af sviðum fræða og lista.